

**264. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 4. apríl 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir aðalmaður og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2303029 - Garðavöllur - landnýting og lóðarleigusamningur**

Golfvöllur, landnýting.

*Fulltrúar Golfklúbbsins Leynis, O. Pétur Ottesen formaður, Hróðmar Halldórsson stjórnarmaður, Óli B Jónsson stjórnarmaður og Raket Óskarsdóttir framkvæmdastjóri sátu fundinn undir þessum dagskrárlíð.*

*Skipulags- og umhverfissráð þakkar framkvæmdastjóra og stjórnarmeðlimum Golfklúbbsins Leynis fyrir komuna og fyrir kynningu þeirra varðandi landnýtingu og skipulag golfvallarins.*

*Skipulags- og umhverfissráð leggur áherslu á að við skipulag íbúðarsvæðis í kringum golfvöllinn verði haft gott samráð við stjórnendur golfklúbbsins hverju sinni.*

**2. 2211210 - Umhverfisstefna Akraness**

Anna Karen Sigurjónsdóttir verkefnastjóri sjálfbærnimála hjá Reykjanesbæ fór yfir samstarf Reykjanesbæjar og Klappa ehf. varðandi mælingar á kolefnislosun o.fl.

*Skipulags- og umhverfissráð þakkar Önnu Karen fyrir greinagóðar upplýsingar um samstarf Reykjanesbæjar við Klappir ehf.*

**3. 2211144 - Deiliskipulag Suðurgata 22 - Nýtt**

Umsókn Þóru Emilíu Ármanssdóttur f.h. eiganda Suðurgötu 22 um nýtt deiliskipulag Suðurgötu 22. Sótt er um að skipuleggja þriggja hæða íbúðarhús með allt að fjórum íbúðum, sameinlegum stigagangi og lyftu. Fjögur bílastæði eru í innbyggðu blálskýli á jarðhæð. Deiliskipulagstillagan nær einungis til lóðarinnar Suðurgötu 22 en lóðin er óbyggð og á ódeiliskipulögðu svæði.

*Skipulags- og umhverfissráð telur að framkomin gögn sýni of mikið byggingarmagn. Lóðir sitthvoru megin við eru með nýtingarhlutfall 0.4 og 0.6. Nýtingarhlutfall samkvæmt framkominni tillögu er hinsvegar 1.0.*

**4. 2302121 - Vesturgata 102 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Lóðarhafa Vesturgötu 102 um að breyta deiliskipulagi Stofnanareits. Sótt er um að stækka byggingarreit bílskúrs bæði í norð vestur og norð austur. Jafnframt færast byggingarreitur frá lóðamörkum suð austur.



*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum Vesturgötu 105, 109, 111 og Merkigerði 2, 4.*

**5. 2211098 - Sementsverksmiðjan á Akranesi - framtíðarstaðsetning**

Bæjarráð tók málið fyrir á fundi sínum þann 16. mars sl. vísaði málinu til frekari rýningar á skipulags- og umhverfissviði og að því loknu til umfjöllun að nýju hjá skipulags- og umhverfissráði.

*Skipulags- og umhverfissráð felur sviðsstjóra framhald málsins.*

**6. 2303183 - Þjóðvegur 13A - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Lóðarhafa Björgvin Sævar Matthíassonar um breyting á deiliskipulagi Miðvogslækjarsvæði, þjóðvegur 13-15. Í breytinguni felst að stækka byggingarreit í suðaustur um fjóra metra. Annað er óbreytt

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum Þjóðveg 12 og Akurprýði 7.*

**7. 2302127 - Lækjarflói 16-18 - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn lóðarhafa Merkjaklöpp um breyting á deiliskipulags Flóahverfis. Stótt er um að sameina lóðir Lækjarflóa 16 og 18, sameina byggingarreit, nýtingarhlutfall fer úr 0.35 í 0.36.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum Lækjarflóa nr. 10a og 20, Nesflóa 2.*

**8. 2203103 - Deiliskipulag Akratorgsreitur - umsókn um breytingu á Heiðargerði 22**

Lögð fram umsókn lóðarhafa Lynghális 1 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Akratorgreits vegna lóðarinnar nr. 22 við Heiðargerði. Í breytingunni felst að breyta húsnæði úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði og að þar verði gert ráð fyrir 6 íbúðum á 1. hæð núverandi byggingar, íbúðir verða frá 42m<sup>2</sup> í 120m<sup>2</sup>. Núverandi form útveggja og þak halda sér en húsið verður klætt að utan með nýrri klæðningu. Breytingar á gluggum og hurðum á útliti hússins.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum við Merkigerði 12, 16 og 18, Heiðargerði 24, 21, 20, 19, og Kirkjubraut 19, 21, 23.*

**9. 2302131 - Gatnaframkvæmdir - viðhald**

Tilboð í viðhald gatna og endurnýjun gangstétta.

*Fimm tilboð bárust í verkið:*

*Fagurverk ehf, kr. 163.099.000*

*Skóflan hf, kr. 138.977.000*

*Emkan ehf, kr. 137.600.000*

*Þróttur ehf, kr. 143.237.190*

Stéttfélagið ehf, kr. 155.268.000

Kostnaðaráætlun, kr. 144.046.550

Skipulags- og umhverfiráð felur sviðsstjóra að semja um verið við lægstbjóðanda þ.e. Emkan ehf.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.**

Gust. Eiríkur Gustafsson

Valgerður S. J.

Sorais Alexia Spurrmeisel.